

Leiðbeiningar vegna úthlutunar úr Landbótasjóði

Notkun tilbúins áburðar

Við uppgræðslu með tilbúnum áburði skal nota að lágmarki tvígildan NP-áburð. Við áburðardreifingu eingöngu er miðað við um 45 kg N/ha og 2,2 kg P/ha, (ef notaður er áburður með efnainnihald 26N 2,2P þá eru það um 180 kg/ha). Við grassáningu er miðað við að sáð sé um 20 kg/ha af húðuðu grasfræi og er þá miðað við um 50 kg N/ha, (ef notaður er áburður með efnainnihald 26N 2,2P þá eru það um 200 kg/ha). Áburðardreifingu skal lokið í síðasta lagi 10. júlí. Styrkþegar skulu hafa samband við héraðsfulltrúa eða verkefnisstjóra hið fyrsta, komi í ljós að ekki reynist unnt að vinna að verkefninu í samræmi við úthlutun.

Notkun lífræns áburðar

Við uppgræðslu með lífrænum áburði er almennt ráðlagt að nota um 150 kg af N/ha, að því gefnu að það þyki raunhæft skv. reynslu innan Lands og skógar. Stuðst er við reiknivél um lífrænan áburð til að ákvarða magn og kostnað á hektara. Hlekkur á lífrænu reiknivélina er hér að neðan, ef aðilar vilja fræðast meira um kostnað mismunandi áburðarefna við nýtingu á lífrænum áburði í samanburði við notkun á tilbúnum áburði.

Áætlað magn lífræns áburðar á hektara			
Lífrænn áburður	tonn/ha	Lífrænn áburður	tonn/ha
Fiskeldisúrgangur	33,3	Kúamykja	22,2
Gor	18,8	Molta	30,5
Hænsnaskítur	7,2	Sauðatað	11,2
Kjötmjöl	1,6		

Varðandi dreifingu á lífrænum áburði þá nýtist hann best ef honum er dreift að vori eða snemma sumars.

Styrkþegar skulu hafa samband við héraðsfulltrúa eða verkefnisstjóra hið fyrsta, komi í ljós að ekki reynist unnt að vinna að verkefninu í samræmi við úthlutun.

Tengill á lífrænu reiknivélina: <https://eflais.shinyapps.io/aburdarreiknivél/>

Skil á gögnum

Gerð er krafa um að aðgerðir sem styrkþegar framkvæma séu landfræðilega staðsettar með GPS-ferli. Land og skógur ber ábyrgð á loftslagsbókshaldi Íslands og þar þurfa allar uppgræðsluaðgerðir að vera landfræðilega staðsettar. Leiðbeiningar um skráningu á GPS-ferlum með snjalltæki (síma eða spjaldtölvu) er að finna á vef Lands og skógar:

<https://vefsafn.is/is/20241019144113/https://land.is/heim/midlun/verkfaeri/>



Land og skógur

Upplýsingum um magn og tegund áburðarefna þarf að skila rafrænt á þar til gerðu eyðublaði sem er aðgengilegt á heimasíðu Lands og skógar.

Héraðsfulltrúar munu aðstoða styrkþega við staðsetningu og skráningu aðgerða sé þess óskað.

Ofangreindum gögnum skal skila til Lands og skógar fyrir 1. október ár hvert nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Ítarlegri upplýsingar um tilhögun á greiðslum og fleiri atriðum er varða Landbótasjóð er að finna í reglum sjóðsins á vef Lands og skógar. Þau sem hljóta hærri styrk en kr. 500.000 geta, þegar verk er hafið (búið er að panta áburð), óskað eftir að fá helming styrks greiddan. Eftirstöðvar verða greiddar að verki loknu þegar tilskildum gögnum hefur verið skilað og gengið hefur verið úr skugga um að unnið hafi verið samkvæmt úthlutun.

Vakin er athygli á því að greiðandi styrks er Ríkissjóður Íslands.

Umfjöllun

Komi til umfjöllunar um verkefnið á opinberum vettvangi óskar Land og skógur eftir því að fram komi að Landbótasjóður hafi styrkt það.

Gunnarsholti 7.4. 2025

f.h. Lands og skógar,

Garðar Þorfinnsson
verkefnisstjóri Landbótasjóðs